

## Fundur í stjórn Hugvísindastofnunar 17. mars 2016 kl. 11:30-13 í Nýja Garði

Mætt voru: Védís Ragnheiðardóttir (fulltrúi doktorsnema), Benedikt Hjartarson (B&L), Guðmundur Hálfðanarson (formaður, sem stjórnaði fundi), Björn Þorsteinsson (HEIM), Eiríkur Rögnvaldsson (MVS), Geir Þórarinn Þórarinsson (SVF), Ragnheiður Kristjánsdóttir (SAGN), Rúnar Már Þorsteinsson (GUÐ), Margrét Guðmundsdóttir og Eiríkur Smári Sigurðarson (sem ritaði fundargerð). Valur Ingimundarson (EDDA), Vilhjálmur Árnason (SIÐ) og Sólveig Anna Bóasdóttir (RIKK) boðuðu forföll.

### Fundargerð

1. *Fundargerð síðasta fundar*: Fundargerð frá 4. febrúar var samþykkt.

2. *Hugvísindaping*: Umræða um nýafstaðið Hugvísindaping. Almenn ánægja var með þingið og kynningu þess. Rætt var um þátttöku nemenda í þinginu, veggspjöld, reynsluna af „þingi í þinginu“ og um næsta hátíðarfyrirlesara. Stjórnin lýsti vilja til að gera hátíðar- eða opunarfyrirlestrinum hærra undir höfði og gefa meiri tíma fyrir opnun þingsins en á afstöðnu þingi. Stefnt verður að því að bjóða hátíðarfyrirlesara á næsta þing strax í vor. Eins var ákveðið að gera meira úr veggspjöldum á næsta þingi og stefnt verður að því að halda námskeið um gerð veggspjalda í aðdragandi þingsins. Námskeiðið verður sérstaklega fyrir doktorsnema þó fleiri geti sótt það. Samþykkt var að halda næsta þing 10. og 11. mars 2017.

3. *Rannsóknasjóður*: Stjórnin ræddi reglur Rannsóknasjóðs fyrir umsóknafrest 1. apríl. Rætt var um 1. gr., 3. gr. og 4. gr. reglnanna. Ákveðið var að halda 1. gr. óbreyttri. Í tilfellum þar sem fyrirlesarar af Hugvísindasviði komast ekki á dagskrá ráðstefnu sem Rannsóknasjóður styrkir vegna þess að þeir hafa ekki komist í gegnum strangt faglegt mat þá komi til greina að meta framlag við kynningu á veggspjaldi eða annað sem ígildi þátttöku af sviðinu. Samþykkt var að bæta í lýsingu á 3. gr. kröfu um að gestur geri meira en að halda einn fyrirlestur. Ákveðið var að halda 4. gr. óbreyttri og að veita ekki undanþágur.

4. *Fjárhagsáætlun*: ESS kynnti drög að framlögum til stofnana árið 2016 á grunni mótframlaga vegna styrkja 2013 og 2014. Málið var rætt og verður tekið fyrir á næsta fundi. Til umræðu kom áætlun um að greiða stjórnarformönnum 100.000 kr. árlega þóknun og var ákveðið að taka málið aftur upp á næsta fundi.

5. *Vísindanefnd*: VI, fulltrúi sviðsins í vísindanefnd, var forfallaður og málið ekki tekið á dagskrá.

5. *Önnur mál*: BÞ sagði frá stöðu mála við endurskoðun á matskerfi opinberu háskólanna. ESS sagði frá nýju COST neti um mat rannsókna í hug- og félagsvísindum sem hann tekur þátt í ásamt rannsóknastjóra Félagsvísindasviðs. GH tók nýja stefnu HÍ til umræðu og áætlun um að taka stefnu Hugvísindasviðs til umræðu á næsta sviðsþingi. GH bar upp spurningu um hvort stjórn Hugvísindastofnunar, þ.e. vísindanefnd sviðsins, ætti að álykta um frumvarp um breytingu á lögum um minjavernd. Engin ákvörðun var tekin. ER sagði frá fyrstu norrænu ráðstefnunni um stafræn hugvísindi og lagði til að Hugvísindasvið skoðaði þau betur. VR lagði til að haldin yrði málstofa eða röð seminara um stafræn hugvísindi.

Fundi slitið kl. 12:45